



Samningur milli Árvakurs og Sveins Guðmundssonar um byggingu húss á lóðunum Aðalstræti 6 og 6B.

Bjarni Benediktsson – Stjórnmal – Dómsmála- og Utanríkisráðuneytið – Árvakur – Sveinn
Guðmundsson – Aðalstræði 6 – Aðalstræti 6B - 1951

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360
Stjórnmalamaðurinn
Askja 2-11, Örk 3

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

S A M N I N G U R .

Árvakur h/f, Reykjavík, annars vegar og Sveinn Guðmundsson, Hagamel 2, Reykjavík, f.h. eigenda Aðalstrætis 6B, hins vegar, gera með sér svofelldan samning um byggingu prentsmiðju-, skrifstofu- og verzlunarhúss á lóðunum Aðalstræti 6 og Aðalstræti 6B, Reykjavík.

I. gr.

Samningsaðiljar hafa komið sér saman um að sameina lóðirnar Aðalstræti 6 og 6B, enda er fengið leyfi Bæjarstjórnar Reykjavíkur fyrir sameiningunni.

Hlutareign hvors aðilja um sig í væntanlegri húseign, sem byggð verður á lóðunum verður sem hér segir:

Árvakur h/f eigi 54% eignarinnar, en eigendur Aðalstrætis 6B 46%.

II. gr.

Húseigninni skal skipt eftir hlutföllum þeim, er greind eru í I. grein samnings þessa, í hreina eignarhluta, þannig, að Árvakur h/f fær í sinn hluta rétt á kjallara bakhúss, $\frac{1}{2}$ verzlunarhæð í forhúsi, ásamt geymslu, fyrstu hæð í bakhúsi, svo og aðra hæð í bæði bak- og forhúsum. Auk þess hefur Árvakur h/f rétt til þriðju hæðar í bak- og forhúsum. - Eigendur Aðalstrætis 6B fá í sinn hluta rétt á kjallara forhúss, $\frac{1}{2}$ verzlunarhæð í forhúsi, ásamt geymslu, svo og fjórðu hæð í bak- og forhúsum. Öll þessi skipting fari fram samkv. útreikningum eftir III. grein samnings þessa, svo og áframhaldandi skipting á réttindum til byggingar.

III. gr.

Við skiptingu á byggingarréttindum skulu eftirfarandi hlutfallstölur lagðar til grundvallar miðað við fermeter gólfplatlar:

Kjallari, bak- og forhús	9
Vélasalur í bakhúsi	15
Verzlunarhæð í forhúsi	30
Forhús II. hæð	22
Bakhús II. "	15
Aðrar hæðir í báðum húsum	15

IV. gr.

Samningur þessi og skipti á byggingarrétti samkv. III. gr. miðast við teikningar hr. Gunnars Hanssonar, sem gerðar eru í Júní-júlí þ.á.

V. gr.

Um hús þau, er nú standa á lóðunum ákveðst þetta: Aðiljar skuldbinda sig til að flytja á brott nú þegar öll þau hús, er nú standa á lóðum þessum, hvor af sinni lóð. Þó er eigendum Aðalstrætis 6B heimilt að láta steinhús það, sem er á suð-vesturmörkum lóðarinnar Aðalstrætis 6B standa þar áfram, þar til byggingafrankvæmdir á þeim hluta lóðarinnar hefjast, en þá ber eigendum Aðalstrætis 6B að flytja það brott. Leigutekjur af húsi þessu verða eign eigenda Aðalstrætis 6B.

VI. gr.

Sameiginlegan kostnað við byggingafrankvæmdir leggja aðiljar fram samkvæmt eignahlutföllum 46/54, sem um getur í I. gr.

Sameiginlegur kostnaður telst m.a.: Teikningar, útreikningar, samningagerðir, grunnur húsa, ásamt botnplötu, þak húsanna, og er þar einnig átt við aukakostnað, sem verður við frágang á lofti þess hluta kjallara, sem verður út undan aðalbyggingu, lyftur, öryggistæki, heimtaugar rafmagns, vatns og frárennslis, hitunartæki, að svo miklu leyti, sem þau verða sameiginleg, svo og það húsrými, sem eigendur taka til sameiginlegra nota (t.d. stigagangar, miðstöðvarherbergi o.p.h.)

Þá telst einnig til sameiginlegs kostnaðar utanhússfrágangur á húsum og lóð.

Vll. gr.

Aðiljar skuldbinda sig til þess að greiða sameiginlega í hlutföllum 46/54 allt viðhald utanhúss, svo og á stigagöngum, lyftum og snnari sameiginlegri eign í byggingunni.

Vlll. gr.

Samningsaðiljar áskilja sér gagnkvæman forleigu- og forkaupsrétt af eignarhlutum hvors annars.

LX. gr.

Mál út af samningi þessum má reka fyrir bæjarþingi Reykjavíkur.

X. gr.

Samningur þessi er gerður í tveim samhljóða eintökum og heldur hvor aðili sínu.

Til staðfestingar eru nöfn samningsaðilja undirrituð í viðurvist tveggja vitundarvotta.

Reykjavík, 27. ágúst 1951.

Vitundarvottar: